

Alþingi  
Erindi nr. P 139/881  
komudagur 10.12.2010

9. desember 2010.

**Frumvarp til laga um skeldýrarækt.** (Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011).

Vísað er í athugasemdir sem Samtök eigenda sjávarjarða gerðu með bréfi 11. maí 2010 og síðan með tölvupósti 8. desember 2010 við skilgreiningu á netlögum.

Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða vill gera frekari athugasemdir og bendir á umræður sem fóru fram vegna frumvarps og síðar laga um tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849.

Í frumvarpinu frá 1849 kemur fram í skýringum í þingtiðindum á bls. 45 eftirfarandi:

Um 21. grein (orðrétt)

Þar eð ekkert orð í íslenzku svarar til hins danska orðs:

"Jagt", en orð þetta innibindur ekki, eins og íslenzka orðið

"veiði", í sér fiskveiði og hvalveiði, þótti nauðsyn að

greina til, að öll lagaboð um fiskveiði og hvalveiði skuli

standa óröskuð.

Það er ljóst að lagaboð um fiskveiði og hvalveiði skulu standa óröskuð, en í fyrri lögum er miðað við dýpt þegar netlög eru ákvörðuð.

Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða fer því fram á að í skilgreiningu á netlögum í 5. lið 3. gr. í frumvarpi til laga um skeldýrarækt beri að fara að lögum og skilgreina netlög út frá dýpi, þannig að lagaboð standi óröskuð, og svo í öðru lagi, að nota 115 m frá stórstraumsfjöruborði sem lágmarks vegalengd ef aðdjúpt er að jörð.

Virðingarfyllst,

Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður,

Björn Erlendsson,

Bjarni Marius Jónsson,

Pétur Guðmundsson og

Sigurður Filippusson.